



Reykjavík, 14. mars 2022

IE21110012

0.4.1

HS/KV

Borgarráð
Ráðhúsi Reykjavíkur
Tjarnargötu 11
101 Reykjavík

Innri endurskoðunaráætlun 2022-2023 fyrir A hluta borgarsjóðs

Endurskoðunarnefnd Reykjavíkurborgar samþykkti innri endurskoðunaráætlun Innri endurskoðunar og ráðgjafar Reykjavíkurborgar fyrir A hluta borgarsjóðs á fundi sínum 31. janúar 2022 í samræmi við hlutverk sitt er greinir í starfsreglum nefndarinnar dags. 29. september 2017 og í samræmi við samþykkt Innri endurskoðunar og ráðgjafar og innri endurskoðanda dags. 15. júní 2021.

Innri endurskoðun og ráðgjöf starfar í umboði borgarráðs. Meðal hlutverka er að veita stjórn og stjórnendum Reykjavíkurborgar óháða endurskoðun og ráðgjöf með það að markmiði að bæta rekstur og stjórnsýslu, meta árangur og bæta áhættustýringu.

Innri endurskoðunaráætlunin forgangsraðar verkefnum fagsviðs innri endurskoðunar fyrir árin 2022-2023 á grundvelli áhættumats og í samræmi við meginmarkmið starfsemi Reykjavíkurborgar. Við gerð áætlunarinnar var horft til skipulags eftirlitsumhverfisins og rætt við borgarfulltrúa og lykilstjórnendur borgarinnar um rekstur, stjórnarhætti, áhættustýringu og eftirlit í stjórnsýslunni og borgarkerfinu. Í skýrslunni er nánar fjallað um aðferðafræðina sem liggur til grundvallar verkefnavalinu og forsendum að baki áætluninni.

Innri endurskoðandi nýtur faglegs sjálfstæðis í störfum sínum gagnvart allri stjórnsýslu borgarinnar, þar með talið borgarstjóra. Í skýrslunni staðfestir hann stjórnskipulegt óhæði Innri endurskoðunar og ráðgjafar og að hafa verið laus við afskipti varðandi ákvörðun á umfangi innri endurskoðunar, framkvæmd verkefna og miðlun niðurstaðna.

Hjálögð er innri endurskoðunaráætlun Innri endurskoðunar og ráðgjafar fyrir A hluta Reykjavíkurborgar og tekur hún til verkefna næstu tveggja ára, 2022-2023.

Hallur Símonarson
innri endurskoðandi Reykjavíkurborgar

Hjálagt:

Innri endurskoðunaráætlun A hluta 2022-2023